

Alþingi
Erindi nr. P 128/43
komudagur 11.11.2002

**Félag eldri borgara í Kópavogi,
Gullsmára 9,
201 Kópavogur.**

Kópavogi, 8.nóv. 2002.


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Félag eldri borgara í Kópavogi hefur meðtekið bréf nefndarinnar þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um skattfrelsi lágtækjufólks.

Stjórn félagsins fjallaði um málið á fundi sínum miðvikudag 6. nóv. og mælir eindregið með því að þessi tillaga til þingsályktunar verði samþykkt.

Jafnframt þakkar félagið það traust sem því er sýnt með því að leita álits þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags eldri borgara í Kópavogi,


Karl Gústaf Ásgrímsson,
formaður.